Fjölbrautaskóli Suðurlands

# BRAGI A
## BRAG1SA01
## Námsáætlun haustönn 2021

---

**Kennarar**

Jón Sigursteinn Gunnarsson (JSG)
Guðbjörg Grímsdóttir (GGR)
Sverrir Geir Ingibjartsson (SGI)
Ida Løn (IL)
Þuríður M. Björnsdóttir (ÞMB)
Gunnar Rafn Borgþórsson (GRB)
Guðfinna Gunnarsdóttir (GG)
Ragnheiður Eiríksdóttir (RE)
Bertha I. Johansen (BEJ)
Sólveig Sigmarsdóttir (SOS)

### Áfangalýsing

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur aðlagist vel nýju skólastigi og skólaumhverfi. Nemendur fá að kynnast þeirri  þjónustu og úrræðum sem í boði eru. Unnið er með hópefli, námstækni, forvarnir og heilsustefnu skólans. Einnig verður félagslíf skólans kynnt vel  í góðu samstarfi við nemendafélag skólans, NFSU. Gott samstarf er við nemendafélag skólans, SKOH stjóra og félagslífs- og forvarnarfulltrúa. Braginn á að endurspegla skólaandann og vera hvatning fyrir nemendur að þekkja skólann sinn vel og umgangast hann og starfsfólk hans í samræmi við það.

**Undanfari:** Enginn.

### Markmið áfangans

**Þekkingarviðmið:**

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- HEF, heilsueflandi framhaldsskóla/heilsustefnu FSu
- námskröfum skólans
- aðferðum til að skipuleggja tíma og nám
- uppsetningu námsferils
- leiðum til að takast á við álag í námi og daglegu lífi
- skólaumhverfinu og helstu starfsemi skólans

**Leikniviðmið:**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- að setja sér markmið sem námsmaður og einstaklingur
- að setja saman námsferil
- að skipuleggja sig
- samskiptum

**Hæfniviðmið:**

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vera sjálfbær
- skipuleggja námsferil sinn og ígrunda í samræmi við áhuga og markmið
- öðlast sjálfstraust í nýju skólaumhverfi
- vera meðvitaður um ábyrgð sína og skyldur sem fylgja auknu sjálfstæði
- öðlast sjálfstraust í samskiptum við ólíkar aðstæður.

**Námsefni:**

Efni frá kennara.

**Sérreglur áfangans:**

Mjög mikilvægt er að nemendur mæti í allar kennslustundir þar sem mæting er hluti af námsmati áfangans. Fulltrúar frá NFSu munu vera í samskiptum við Braganemendur og vinna með þeim að ákveðnum verkefnum. Jákvæðni og þátttaka skilar árangri.

**Fyrirkomulag námsmats:**

| **Námsþáttur** | **Vægi** |
|---|---|
| Verkefni og umræður<br>Námstækni, námsferill, inna og fleira | 35% |
| Mæting/virkni/áhugi | 55% |
| Vinna með NFSU | 10% |

**Hér sé stuð!**

**Fagstjóri: Guðbjörg Grímsdóttir**

# Vinnuáætlun BRAGA A haustönn 2021

| Vika | Dags. | Viðfangsefni og verkefni |
|---|---|---|
| 33 | 16.-20.ág | Nýnemadagur þri 17.ágúst - hann er þá ígildi bragatíma sem fellur niður. |
| 34 | 23.-27.ág | **Kynning áfanga.**<br>Hvaða þjónusta er í skólanum? Námsráðgjafar, hjúkrunarfræðingur og fleira. |
| 35 | 30.-3.sept | Hópefli.<br>**Skólareglur og Inna.**<br>Verkefni 1 skólareglur og inna.<br>Kynning á starfi fulltrúa nýnema. |
| 36 | 6.-10.sept<br>Foreldrakynning þri 7.sept | Hópefli.<br>**Námsleiðir, brautir, línur, verknám, bóknám …**<br>Verkefni 2, námsleiðir.<br>Kynning á nýnemaferð. Undirbúningur fyrir kosningu á fulltrúa nýnema. |
| 37 | 13.-17.sept<br>FSu 40 ára 13.sept | **Nýnemaferð** |
| 38 | 20.-24.sept | Hópefli.<br>**Félagslíf í skólanum. Fulltrúi nýnema - hvað er hann að fara að gera?**<br>Umræður. |
| 39 | 27.-1.okt | **Miðannarmat, áfangamessa og val.** |
| 40 | 4.-8.okt<br>Miðannarmat | **VAL**. Hvernig á að velja? Hvað á að velja? Hvað á að hafa í huga?<br>**Byrjað að huga að námsferli.** |
| 41 | 11.-15.okt<br>Áfangamessa<br>Haustfrí | **Haustfrí**, enginn bragatími. |
| 42 | 18.-22.okt<br>Valdagur | **Valdagur** er á miðvikudegi og bragatími á fimmtudegi er einnig nýttur í val. |
| 43 | 25.-29.okt | Verkefni 3, námsferill. |

| | | |
|---|---|---|
| 44 | 1.-5.nóv | **Vinna með NFSU.** |
| 45 | 8. - 12. nóv | **Vinna með NFSU.** |
| 46 | 15. - 19. nóv<br>Dagur íslenskrar tungu 16.nóv | **Prófafyrirkomulag**, sjúkrapróf, undirbúningur og fleira.<br>Undirbúningur fyrir lokahátíð í braga. |
| 47 | 22. - 28. nóv | **Lokahátíð** braga. |
| 48 | 29. - 3. des<br>Kennslu lýkur | Nemendur í fríi, kennarar mæta og gera upp áfangann. |
| 49 | 6. - 10. des<br>Námsmat | Námsmat. |
| 50 | 15. - 19. Des | Sjúkrapróf. Úrvinnsla Brautskráning. |

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar